Yfirlýsing Geirs H. Haarde, fyrrv. forsætisráðherra
6. júní 2011

Á morgun, 7. júní, verður ákæra Alþingis á hendur mér tekin formlega fyrir í landsdómi og þingfest. Fyrstu pólitísku réttarhöldin í Íslandssögunni verða þá orðin staðreynd en þá verða liðnir rúmlega átta mánuðir frá því að Alþingi samþykkti ályktun um málshöfðun gegn mér með 33 atkvæðum gegn 30. Mér hefur verið tjáð að líkur séu á að væntanleg frávísunarkrafa verði tekin fyrir í september, en að hin efnislegu réttarhöld með vitnaleiðslum og ræðum sækjanda, verjanda og hins ákærða gætu dregist fram eftir ári og jafnvel fram á næsta ár.

Sá dráttur sem orðið hefur á málinu er mér sem hinum ákærða mjög íþyngjandi en jafnframt algerlega ástæðulaus. Ég tel að borið hafi að þingfesta þetta mál þegar í október og hefja þá strax úrvinnslu þess á vegum landsdóms enda segir í 18. grein landsdómslaga að dómsforseti skuli kveðja dómendur saman með hæfilegum fyrirvara "þegar er" hann hafi fengið tilkynningu um málshöfðunarákvörðun Alþingis. Þetta var ekki gert fyrr en í febrúar – rúmum fjórum mánuðum eftir samþykkt Alþingis - og þá vegna þess að fyrir lá kæra til dómsins af hálfu verjanda míns í gagnaöflunarmáli á vegum saksóknara Alþingis. Með bréfi 5. janúar sl. krafðist verjandi minn þess að málið yrði þingfest án tafar en forseti landsdóms svaraði því til að fyrir slíku væru ekki forsendur fyrr en saksóknari hefði gefið út ákæru sína.

Það ákæruskjal var gefið út 10. maí sl. og er nánast samhljóða ályktun Alþingis frá 28. september 2010. Viku síðar sendi saksóknari málsaðilum og öllum dómurum um 3700 blaðsíður af ýmsu efni sem flest á rætur að rekja til skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis en óljóst er hvaða þýðingu hefur í málarekstri gegn mér. Engin greinargerð liggur fyrir af hálfu saksóknara og rökstuðningur fyrir ákæruatriðunum er því ekki fyrir hendi. Miklum vandkvæðum er bundið að undirbúa hina efnislegu vörn í málinu þegar ekki liggur fyrir á hvaða grunni ákæruatriðin eru reist.

Fyrir liggur að þær óhóflegu tafir sem orðið hafa í málinu hafa leitt til stóraukins kostnaðar fyrir alla aðila. Íslenska ríkið sækir þetta mál af fyllsta þunga og ver til þess miklum fjármunum, bæði í kostnað vegna landsdómsins sjálfs en einnig vegna embættis saksóknara Alþingis og starfsemi á hans vegum en hjá embættinu starfa tveir saksóknarar auk aðstoðarfólks. Fyrir varnaraðilann er því við mikið ofurefli að etja. Þess vegna hafa nokkrir stuðningsmenn mínir og vinir stofnað félagið Málsvörn sem ætlað er að vera fjárhagslegur bakhjarl minn í málaferlunum.

Ákæruatriðin

Um ákæruatriðin sjálf hyggst ég fjalla fyrir landsdómi þegar þar að kemur. Ég vil sýna landsdómi þá virðingu að hefja ekki opinberan málflutning um einstök ákæruatriði fyrr en í réttarsalinn er komið en ég vísa þeim öllum á bug sem fráleitum. Bankakreppan herjaði á margar þjóðir og ákæruatriðin verða enn fráleitari í ljósi þess að nú er almennt viðurkennt, jafnt innan lands sem utan, að ákvarðanir íslenska stjórnvalda á þeim tíma, ríkisstjórnar minnar og lykilstofnana, reyndust hárréttar og tryggðu hagsmuni Íslands betur en þær aðgerðir sem stjórnvöld annarra ríkja gripu til vegna sinna hagsmuna.

Eins og tilurð og efni ákærunnar ber með sér er hér á ferðinni pólitísk atlaga, þar sem valdhafar beita öllum tiltækum ráðum gegn gömlum pólitískum andstæðingi.

Það er augljóst að úr því sem komið er hef ég mesta hagsmuni af því að leiða málið til lykta fyrir dóminum og er sannfærður um að eina niðurstaðan sem út úr efnislegri umfjöllun dómsins getur komið er sýkna af öllum ákæruatriðum.

Ég tel hins vegar að ákæruskjalið sé þannig úr garði gert að mér sé skylt að láta á það reyna hvort í framtíðinni verður hægt að bjóða dómstólum landsins upp á ákærur af þessu tagi. Þess vegna mun verjandi minn gera kröfu um frávísun jafnskjótt og unnt verður að koma slíkri kröfu að. Raunar standa að mínu mati rök til þess að dómstóllinn vísi málinu frá án kröfu af minni hálfu því svo miklir ágallar eru á þessari ákæru.

Um ákæruna sagði saksóknari Alþingis m.a. í fréttum Stöðvar 2 hinn 7. maí sl. að hún teldi "... alls ekki fjarlægt að það sé hægt að sakfella fyrir eitthvað í þessu máli, að mínu mati."

Samkvæmt lögum má saksóknari ekki leggja fram ákæru nema hann hafi fullvissað sig um að meiri líkur en minni séu á sakfellingu. Þessi ummæli undirstrika enn frekar hið pólitíska eðli þessarar ákæru og er dapurlegt að saksóknari Alþingis sem nú hefur verið skipaður ríkissaksóknari skuli láta þau frá sér fara.

Mistök við málsmeðferð

Það hefur verið vandamál við meðferð þessa máls að ýmist virðist farið eftir ákvæðum landsdómslaga frá 1963 eða laga um meðferð sakamála frá 2008. Slíkt getur ekki staðist enda segir í landsdómslögunum að beita skuli lögum um meðferð sakamála að því leyti sem ekki sé á annan veg mælt í lögum um landsdóm. Landsdómslögin hafa því forgang.

Eigi að síður virðist landsdómur hafa túlkað það svo í úrskurðum sínum hingað til að ég hafi í raun ekki verið ákærður fyrr en við útgáfu ákæru saksóknara Alþingis og því ekki haft réttarstöðu ákærðs manns. Þessi túlkun er að mínum dómi ekki í samræmi við lög um landsdóm þótt þetta sé hinn venjulegi framgangur við meðferð hefðbundinna sakamála. Ég hef í höndum bréf forseta landsdóms dagsett 30. september 2010 þar sem mér er tilkynnt um málshöfðunarákvörðun Alþingis og vikið að mér sem hinum ákærða. Er það orðalag fengið beint úr lögunum um landsdóm.

Í gagnaöflunardómi landsdóms 8. mars sl. er hins vegar vikið að "væntanlegri málsókn Alþingis" á hendur mér og í úrskurði landsdóms 22. mars er fjallað um "fyrirhugaða málsókn Alþingis" á hendur mér. Er því engu líkara en landsdómur líti svo á að ákvörðun Alþingis 28. september sl. hafi einungis verið ákvörðun um að hefja rannsókn. Þann skilning höfðu alþingismenn ekki þegar ákvörðun um málshöfðun var tekin og ekki verður ráðið af ákvörðunum og yfirlýsingum saksóknara Alþingis að þetta sé skilningur þess embættis.

Í l5. grein landsdómslaganna segir að forseti landsdóms skipi ákærðum svo fljótt sem verða má verjanda úr hópi hæstaréttarlögmanna. Þetta var ekki gert með þeim hætti sem lög kveða á um. Bréf forseta landsdóms til mín 30. nóvember 2010 vitnar um að ætlunin hafi verið að skipa ekki verjanda fyrr en eftir að saksóknari hefði gefið út svokallað ákæruskjal sem gert var 10. maí 2011. Þurfti ég að krefjast þess bréflega að mér yrði skipaður verjandi sem loks var gert 30. nóvember eftir að saksóknari Alþingis hafði verið beðinn um umsögn um það atriði. Slík beiðni um umsögn saksóknara hafði enga stoð í lögum. En í umsögninni voru eigi að síður færð rök fyrir þeirri skoðun að ég hefði formlega verið ákærður með samþykkt Alþingis í september og bæri því að fá skipaðan verjanda.

Fleiri dæmi af þessu tagi um handvömm þeirra sem stjórnað hafa meðferð þessa máls væri hægt að nefna en ég vil taka það fram að ég tel ekki að slíku ráðslagi hafi verið beint persónulega gegn mér sem sakborningi í málinu. Ég mun því t.d. ekki gera kröfu um að forseti landsdóms víki sæti þrátt fyrir að hafa orðið á í messunni í aðdraganda málsins. Hafa verður í huga að verið er að beita landsdómslögunum í fyrsta sinn frá 1905 og margt hefur breyst í réttarfari á Íslandi frá því þau voru endurskoðuð 1963 eins og sakamálalögin frá 2008 bera með sér.

Alvarlegustu mistök þeirra sem ábyrgð bera á málinu eru hins vegar að mínum dómi þegar þáverandi dóms- og mannréttindaráðherra lagði að ósk forseta landsdóms og með atbeina saksóknara Alþingis fram lagafrumvarp í nóvember sl. þar sem lagðar voru til breytingar á þeim lagaramma sem um landsdóm

gildir. Sum atriði í því frumvarpi skiptu litlu máli en önnur voru augljóslega sakborningi í óhag. Hafði þó ítrekað verið fullyrt við undirbúning ákærunnar, m.a. af formanni þingmannanefndar þeirrar sem um málið fjallaði, að engra lagabreytinga væri þörf.

Ég hef undir höndum öll bréfaskipti milli þessara aðila, þ.m.t. tölvupósta. Samspil þessara aðila vekur furðu, sérstaklega í ljósi þess að mannréttindaráðherrann svokallaði greiddi atkvæði með því að ákæra mig og hefur því augljósa pólitíska hagsmuni af því að ég verði sakfelldur. Er með ólíkindum að forsvarsmaður dómsvaldsins, þ.e. forseti landsdóms, og framkvæmdavaldið, þ.e. ráðherra og saksóknari, sameinist um að reyna með þessum hætti að beita löggjafarvaldinu, sem í þessu máli fer líka með ákæruvald, til að breyta reglum sem gilda um málsmeðferð í dómsmáli sem höfðað er gegn einum manni. Þætti slíkt hvergi ekki gott til afspurnar í öðrum réttarríkjum.

Alþingi afgreiddi ekki þetta frumvarp og treysti mannréttindaráðherrann sér ekki til þess að ljúka fyrstu umræðu um málið. Þess í stað var formaður saksóknarnefndar Alþingis (sem einnig stýrði þingmannanefndinni sem bar ábyrgð á málinu) fenginn til að flytja nýtt þingmál í byrjun maí um að framlengja umboð þeirra átta dómara, sem Alþingi kaus til setu í dóminum til 6 ára hinn 11. maí 2005. Öðrum atriðum í fyrra frumvarpi var sleppt. Sagði formaðurinn í umræðum um það mál að hann hefði ekki áttað sig á því í september sl. að umboð dómaranna rynni út vorið 2011. Þetta er sami maðurinn og hélt því ítrekað fram í september að engu þyrfti að breyta í landsdómslögunum. En skipunartími dómaranna hefði ekki verið vandamál ef málið hefði verið tekið fyrir strax á síðasta hausti og því lokið á eðlilegum tíma.

Verjandi minn og ég teljum að með nýjum lögum um að framlengja skipunartíma hinna kjörnu dómara í landsdómi (lög nr. 41/2011) hafi Alþingi, sem er ákærandinn í málinu, misbeitt löggjafarvaldi sínu í máli sem það hefur höfðað gegn einum einstaklingi. Mun verjandi minn láta á það reyna fyrir landsdómi hvort slík aðgerð standist eða hvort með henni hafi hinir átta umræddu dómarar verið sviptir hæfi sínu til að dæma í máli mínu því ákæruvaldið hafi tekið sér vald til að velja sér sjálft meiri hluta dómara í landsdómi. Mikilvægt er fyrir framhald mála af þessu tagi að fá úr þessu skorið.

Athafnaleysi þingmannanefndarinnar

Ég hef í því ferli sem hófst í september kallað eftir öllum gögnum málsins, eins og ég á rétt á sem hinn ákærði, þ.á m. gögnum þingmannanefndarinnar svokölluðu, en á hennar starfi var málshöfðunin byggð. Formaður þingmannanefndarinnar lagði í málflutningi sínum á Alþingi mikla áherslu á það í þessu máli að meirihluti nefndarinnar hefði aldrei lagt til að fjórir fyrrverandi

ráðherrar yrðu ákærðir nema vegna þess að sérfræðingar nefndarinnar hefðu lagt það til. Nú hef ég farið yfir gögnin frá þessum sérfræðingum og í ljós er komið að það var aðeins einn þeirra sem lagði afdráttarlaust til að fjórir ráðherrar yrðu ákærðir fyrir landsdómi. Aðrir í hópi þessara sérfræðinga voru ekki afgerandi í því efni eða lögðust gegn ákærum. Með afstöðu þessa eina sérfræðings var skapað það skjól sem formaður nefndarinnar taldi sig þurfa til að hrinda í framkvæmd áformum sínum og forystumanna VG um málshöfðun.

Af lestri gagna málsins má hins vegar ráða að hvorki þessi eini sérfræðingur né aðrir sem að komu höfðu fyrir sér heildarmynd af málinu. Skýringin á því er sú að þingmannanefndin rannsakaði ekki málið með sjálfstæðum hætti m.t.t. laga um ráðherraábyrgð, eins og henni bar þó að gera og hafði fullar lagaheimildir til. Það gat hún gert m.a. með því að kalla viðkomandi ráðherra fyrir sig, yfirheyra þá og sannprófa framburð einstakra manna. Nefndin óskaði eftir skriflegum svörum mínum og fleiri fyrrverandi ráðherra um tiltekin atriði en kaus að hafa þau að engu. Aðalheimild nefndarinnar var því skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis en höfundar hennar höfðu ekki það hlutverk að rannsaka málið m.t.t. hugsanlegrar landsdómsákæru.

Í úrskurði landsdóms frá 22. mars sl. í gagnaöflunarmáli saksóknara gegn forsætisráðuneytinu og mér er fjallað um þetta. Þar segir m.a.: "....verður ekki séð að nefnd níu þingmanna sem kosin var á Alþingi samkvæmt 15. gr. sömu laga (um rannsóknarnefnd Alþingis – innskot mitt) til að fjalla um skýrslu rannsóknarnefndarinnar hafi fært sér í nyt 4. mgr. þeirrar lagagreinar til að láta frekari rannsókn fara fram áður en meiri hluti hennar lét frá sér fara tillögu til þingsályktunar um málshöfðun gegn ráðherrum."

Hér er staðfest að málið var höfðað án undangenginnar rannsóknar á vegum ákæruvaldsins (Alþingis) og stríðir slíkt gegn viðteknum venjum og grundvallarreglum um ákærur í sakamálum.

Athafnaleysi þingmannanefndarinnar að þessu leyti er að sjálfsögðu vítavert í svo alvarlegu máli þó svo landsdómur hafi komist að þeirri niðurstöðu að nefndin hafi ekki framið lögbrot með athæfi sínu.

Bakþankar?

Ákæra hins pólitíska meirihluta þingmanna gegn mér er mikil hneisa fyrir Alþingi og setur óafmáanlegan blett á ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur og Steingríms J. Sigfússonar. Öllu verra er þó að með þessari atlögu hefur sjálft Alþingi Íslendingar verið misnotað í þeim tilgangi að koma höggi á einn mann.

Einhverjir þeirra sem höfuðábyrð bera á samþykkt málshöfðunarályktunar Alþingis virðast þó hafa fengið bakþanka eftir að málið var samþykkt. Þannig sagði formaður Vinstri grænna í viðtali í norsku blaði (Dagens næringsliv, 23. okt. 2010) að hann teldi það rangt (á norsku "galt") að ég skyldi einn ákærður fyrir landsdómi. Svipað sagði formaður þingmannanefndarinnar í viðtali í Fréttablaðinu 26. mars. sl. Þetta er bæði ósvífni og hræsni. Báðir þessir menn gátu – alveg eins og mannréttindaráðherrann og aðrir þingmenn sem greitt höfðu atkvæði með ákæru - stöðvað málið á Alþingi eftir að ljóst var orðið að búið væri að fella nöfn þriggja einstaklinga út úr tillögunni. Við lokaatkvæðagreiðslu um tillöguna svo breytta, greiddu þeir hins vegar beinlínis atkvæði með því að ákæra aðeins einn mann.

Í ljósi alls þessa má segja að það fari ekki illa á því að það skuli vera þeir Atli Gíslason, Steingrímur J. Sigfússon og Ögmundur Jónasson ásamt fylgdarliði sem ábyrgð bera á fyrstu pólitísku réttarhöldunum á Íslandi.